

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 7. desember 2011, breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, sem samþykkt var í sveitarstjórn Grindavíkurbæjar þann 7. september 2011.

Breytingin er þríþætt. Markað er 0,32 ha iðnaðarsvæði vestan við verslunar- og þjónustusvæðið. Iðnaðarsvæðið er fyrir borsvæði/niðurdælingarholur og verður landnotkun breytt úr óbyggðu svæði í iðnaðarsvæði. Gert er ráð fyrir dælustöð á verslunar- og þjónustusvæði austan við Bláa lónið og lögn meðfram Blaalónsvegi (nr. 426) frá dælustöðinni og að borsvæðinu. Tilgangurinn með skipulagsbreytingunni er að farga affallsvatni með því að dæla því niður í sniðgengissprungu sem þarna er.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 7. desember 2011.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.